



Minnisblað

Móttakandi: Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Dags.: 7. október 2022

Sendandi: Lögfræði- og velferðarsvið og kjarasvið

Málsnr.: 2209036SA

Málalykill: 07.21

Efni: Möguleg viðbrögð við skýrslu um stöðu slökkviliða á Íslandi

Eins og stjórninni er kunnugt kynnti Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) þann 3. október sl. skýrslu um stöðu slökkviliða, sem byggð er á úttektum sem fram fóru á árinu 2021 á skipulagi og starfsaðstæðum allra slökkviliða.

Það er fagnaðarefni að skýrslan er komin út. Þess má vænta að ákveðnar úrbætur hafi þegar átt sér stað hjá slökkviliðum í kjölfar úttektanna. Eftir sem áður leiðir skýrslan skýrt í ljós að víða er þörf á að gera mun betur í fyrirkomulagi brunavarna.

Frá því að skýrslan var gerð hafa farið fram óformleg samtöl á milli HMS og sambandsins um nauðsynlegar úrbætur. Eðlilegt er að þar verði settar í forgang þær margháttaðu aðgerðir sem lýst eru á bls. 99 í skýrslunni, sbr. fylgiskjal með þessu minnisblaði. Sambandið hefur þó í samskiptum við HMS haldið því til haga að þörf sé á víðtækari nálgun á verkefnið, þar sem einnig verði horft til ýmissa verkefna sem rædd hafa verið á undanförunum árum í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Einnig þurfi að skilgreina betur hlutverk slökkviliða gagnvart ymsum stærri áskorunum. Sem dæmi um verkefni sem hér um ræðir má einkum nefna:

- Tillögur um úrbætur þurfa að endurspegla mismunandi hlutverk slökkviliða, svo sem gagnvart almannavörnum, mengunarvörnum og bráðabjónustu.
- Setja þarf skýr markmið um að efla forvarnastarf til að auka öryggi almennings. Tækifæri eru til breiðs samstarfs um slík verkefni.
- Slökkvilið munu hafa hlutverki að gegna við að auka áfallapol samfélaga gegn loftslagsvá. Endurskoða þarf búnaðarþörf slökkviliða með tilliti til slíkra áskorana og skilgreina hlutverk, m.a. varðandi tækifæri til aukins samstarfs og sérhæfingar slökkviliða.
- Fjölgun ferðamanna felur í sér auknar áskoranir fyrir slökkvilið líkt og aðra viðbragðsaðila. Nefna má sérstaklega að fjölgun skemmtiferðaskipa kallar á skýrari viðbragðsáætlanir, þjálfun og fleiri framkvæmdaratriði gagnvart slökkvistarfi og björgun á sjó.
- Tímabært er að endurskoða lög um brunavarnir með sérstakri áherslu á þætti sem snúa að skilvirkni stjórnsýsluúrræða vegna frávika sem fram koma við eldvarnareftirlit, viðbrögð við óleyfisbúsetu, ábyrgð mengunarvalda o.fl.

- Starfshlutfall slökkviliðsstjóra þarf að skilgreina í samræmi við ábyrgð hans og valdheimildir og að stjórnendavaktir séu tryggðar á öllum starfssvæðum slökkviliða.
- Tryggja þarf að öll slökkvilið séu mönnuð, menntuð og þjálfuð þannig að þau geti leyst af hendi með fullnægjandi hætti þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt lögum.

Hugmynd að mögulegri bókun stjórnar

Lagt er til að stjórnin ræði sérstaklega hvernig sveitarstjórnarstigið geti hafist handa við þær úrbætur sem bent er á í skýrslu HMS, ásamt því að beina framangreindum verkefnum í skýran farveg. Rétt er að taka fram að við umfjöllun um skýrsluna hefur verið kallað eftir skjótum viðbrögðum og m.a. rætt um að nóg sé búið að skrifa af skýrslum um málefnið. Nú sé fyrst og fremst þörf á aðgerðaáætlun. Í því ljósi kemur til álita að stjórn sambandsins bóki á þessa leið um málið:

Stjórn sambandsins hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér niðurstöður í skýrslunni og beita sér tafarlaust fyrir nauðsynlegum úrbótum.

Stjórnin felur framkvæmdastjóra að leita eftir samstarfi við innviðaráðuneyti og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun um gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar til að stórefla brunaöryggi um allt land, þar sem horft verði til þess að slökkvilið verði viðbúin að mæta þeim áskorunum sem við má búast í nánustu framtíð. Áhersla er lögð á að aðgerðir verði kostnaðarmetnar og fjármagnaðar og telur stjórnin mikilvægt að tekjur ríkissjóðs af byggingaröryggisgjaldi, sbr. 50. gr. mannvirkjalaga, renni til verkefna í framkvæmdaáætlun.

GB/IRÓ